

Komið þið sæl !

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar var tekin til afgreiðslu ósk Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378.mál.

Afgreiðsla bæjarráðs var svohljóðandi:

*Bæjarráð fagnar framkomnu frumvarpi og hvetur þingmenn til að veita því brautargengi. Það er mikilvægt að sett séu lög er tilgreini lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Hvort að sú tala er 1.000 íbúar eða einhver önnur er aukaatriði. Það að sveitarfélög séu öflugar stjórnsýslueiningar sem geti sinni lögbundinni þjónustu við íbúa án þess að vera öðrum háð er mikilvægt fyrir framþróun sveitarstjórnarstigsins.*

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Aldís